



## Epladagurinn í Kvennaskólanum.

Árið 1921 hófst sá siður að halda eplakvöld í Kvennaskólanum. Á þeim tíma fengust ekki epli á Íslandi nema fyrir jólin. Þá var mikil hátíð að fá epli og fengu nemendur þau þann dag sem nemendur fluttu skemmtiatriði og sungu fyrir kennara og námsmeyjar. Eftir skemmtunina komu svo nemendur og kennarar saman og fengu kökur og súkkulaði og síðan var dansað. Eplakvöldið var í fyrstu haldið í jólaleyfinu og hugsað fyrir þær stúlkur sem ekki komust heim um jólin og voru á heimavist skólans. Árið 1944 var skemmtunin flutt til fyrsta laugardags eftir jólaleyfi. Skemmtunin var haldin í skólanum og var þá opnað á milli kennslustofanna í aðalbyggingu. Þar voru skemmtiatriði leikin og sungin og nemendur fengu epli.

Þegar Kvennaskólinn varð framhaldsskóli þá flyst skemmtunin fram í nóvember og nefnist þá epladagur. Tekin var upp sú hefð að hafa skemmtun eftir hádegi og eplaball um kvöldið. Þá fóru fulltrúar nemendafélagsins að ganga í alla bekki fyrir hádegi og færðu nemendum epli og sögðu eplasöguna. Síðar fóru bekkir að fara saman út að borða og bjóða umsjónarkennurum með.

Á epladagsskemmtunum hefur verið keppt í ýmsu og hefur það verið breytilegt milli ára. Má þar nefna að sum ár hefur verið valið eplalag og keppt í hver er í flestum flíkum í rauðum lit. Einnig hafa verið gerðar eplamyndir og starfrækt hefur verið eplaútlarp.

Hér eru myndir úr bókinni Kvennaskólinn í Reykjavík 1874-1974 og er sú fyrri af nemendum í 4. bekk 1921-1922 og sú síðari er úr skemmtiatriði á eplakvöldi.





Hér má sjá myndir úr myndasafni skólans.

Næstu tvær myndir eru teknar á eplakvöldi 1977-78 þar sem opnað var á milli stofa í aðalbyggingu. Þessar myndir eru teknar þegar skólinn var ennþá grunnskóli, eingöngu fyrir stúlkur 13-16 ára.





Oft hafa fulltrúar nemendafélagsins klæðst búningum þegar þeir gefa eplin. Hér sjást nemendur færa Villu, sem vann á skrifstofu skólans í rúm þrjátíu ár, epli við mikinn fögnuð. Myndin er líklega tekin 198? en þá var skólinn orðinn menntaskóli.



Rauðklæddir nemendur dreifa eplum 2012.



Oft hefur verið haldin keppni um rauðasta kvenskælinginn. Rauðkan 2013 leit svona út.

